

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir
varðandi Mið-Afríkulýðveldið, nr. 760/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir bætist við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 1.33 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/604 frá 24. mars 2025 um breytingu á ákvörðun 2013/798/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulýðveldinu, sbr. fylgiskjal 1.33.
- 2.32 Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/610 frá 24. mars 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 224/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulýðveldinu, sbr. fylgiskjal 2.32.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 30. apríl 2025.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.33.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/604****frá 24. mars 2025****um breytingu á ákvörðun 2013/798/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulýðveldinu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 23. desember 2013 samþykkti ráðið ákvörðun 2013/798/SSUÖ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulýðveldinu.
- 2) Hinn 30. júlí 2024 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2745 (2024) um að aflétta vopnasölubanninu gegn ríkisstjórn Mið-Afríkulýðveldisins. Með þeirri ályktun er einnig komið á vopnasölubanni gegn vopnuðum hópum og tengdum einstaklingum sem starfa í Mið-Afríkulýðveldinu.
- 3) Því ætti að breyta ákvörðun 2013/798/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2013/798/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, flytji til eða flytji út hvers kyns vopn og tengd hergögn, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnað, búnað sem ekki er ætlaður ríkisher og varahluti í fyrrnefnd tól og tæki, með beinum eða óbeinum hætti, til vopnaðra hópa og tengdra einstaklinga sem starfa í Mið-Afríkulýðveldinu eða að það sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja eða að skip eða loftför undir fána þeirra séu notuð í því skyni, hvort sem fyrrnefnd tæki og tól eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eður ei.

2. Lagt skal bann við því:

- a) að veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu og aðra þjónustu, sem tengist herstarfsemi og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota hvers kyns vopn og tengd hergögn, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnað, búnað sem ekki er ætlaður ríkisher og varahluti í fyrrnefnd tól og tæki, með beinum eða óbeinum hætti, til vopnaðra hópa og tengdra einstaklinga sem starfa í Mið-Afríkulýðveldinu,
- b) að veita fjármagn eða fjárhagsaðstoð, sem tengist herstarfsemi, þ.m.t., einkum og sér í lagi styrki, lán og greiðsluvátryggingar vegna útflutnings, auk trygginga og endurtrygginga vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings vopna og tengdra hergagna eða sem tengist því að veita tengda tækni-
aðstoð, miðlunarþjónustu og aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til vopnaðra hópa og tengdra einstaklinga sem starfa í Mið-Afríkulýðveldinu,
- c) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þau bönn er um getur í a- eða b-lið eru sniðgengin.“

- 2) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr. a:

„Aðildarríki sem leggja hald á, skrá og farga hlutum, í samræmi við fyrstu málsgrein, skulu tilkynna nefndinni, sem komið er á fót skv. 57. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2127 (2013) („nefndinni“), um slíka förgun innan 30 daga, ásamt upplýsingum um alla hluti sem hefur verið fargað og nákvæmlega með hvaða hætti þeim var fargað.“

- 3) Ákvæði 2. gr. falla brott.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. mars 2025.

*Fyrir hönd ráðsins,
forseti.*

C. SIEKIERSKI

(¹) Ákvörðun ráðsins 2013/798/SSUÖ frá 23. desember 2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulýðveldinu (Stjtið. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 51).

Fylgiskjal 2.32.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/610****frá 24. mars 2025****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 224/2014 um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Mið-Afríkúlýðveldinu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDBSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/604 frá 24. mars 2025 um breytingu á ákvörðun 2013/798/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkúlýðveldinu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 10. mars 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 224/2014⁽²⁾ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkúlýðveldinu. Með þeirri reglugerð koma í framkvæmda tilteknar ráðstafanir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2013/798/SSUÖ⁽³⁾.
- 2) Hinn 30. júlí 2024 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2745 (2024) um að aflétta vopna-sölubanninu gegn ríkisstjórn Mið-Afríkúlýðveldisins. Með þeirri ályktun er einnig komið á vopnasölubanni gegn vopnuðum hópum og tengdum einstaklingum sem starfa í Mið-Afríkúlýðveldinu fram til 31. júlí 2025.
- 3) Hinn 24. mars 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) nr. 2025/604, um breytingu á ákvörðun 2013/798/SSUÖ í samræmi við ályktun öryggisráðs SP nr. 2745 (2024).
- 4) Sumar þeirra breytinga sem settar eru fram í ákvörðun (SSUÖ) 2025/604 falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Lagasetning á vettvangi Sambandsins er því nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum með það fyrir augum að tryggt sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 224/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 224/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liður bætist við 1. gr.:

„1) „fjármögnun eða fjárhagsaðstoð“: sérhver aðgerð einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, óháð þeirri aðferð sem valin er, með eða án skilyrða, sem miðar að því að greiða eða skuldbinda sig til að greiða af eigin fjármunum eða efnahagslegum auði, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við, styrkir, lán, ábyrgðir, ábyrgðarskuldbindingar, skuldabréf, bankaábyrgðir, greiðslufrestur seljanda, greiðslufrestur kaupanda, fyrirframgreiðslur vegna inn- eða útflutnings og allar tegundir váttrygginga og endurtrygginga, þ.m.t. greiðsluváttrygging vegna útflutnings. Greiðsla, ásamt skilmálum og skilyrðum fyrir greiðslu, umsamins verðs fyrir vöru eða þjónustu, í samræmi við eðlilega viðskiptahætti, telst ekki vera fjármögnun eða fjárhagsaðstoð.“

- 2) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. gr.

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins⁽⁴⁾ („sameiginlegi hergagnalistinn“), auk skotvopna, hluta þeirra og nauðsynlegra íhluta og skotfæra eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012⁽⁵⁾, hvort sem framangreint á uppruna í Sambandinu eða ekki, til vopnaðra hópa og tengdra einstaklinga sem starfa í Mið-Afríkúlýðveldinu.

2. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint:

- a) tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist þeim vörum og þeirri tækni sem eru á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins eða skotvopn, hlutum þeirra og nauðsynlegum íhlutum og skotfærum, eins og þau eru skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 258/2012, eða því að útvega, framleiða, viðhalda og nota slíka hluti af hálfu vopnaðra hópa og tengdra einstaklinga sem starfa í Mið-Afríkúlýðveldinu,

- b) fjármagn eða fjárhagsaðstoð sem tengist sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi á vörum og tækni sem eru á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins eða skotvopn, hluta þeirra og nauðsynlega íhluti þeirra og skotfæri eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 258/2012, eða veita tengda tæknaðstoð eða miðlunarþjónustu til vopnaðra hópa og tengdra einstaklinga sem starfa í Mið-Afríkulýðveldinu.“

3) Ákvæði 3. og 4. gr. falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

C. SIEKIERSKI

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/604, 25.3.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/604/oj>

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 224/2014 frá 10. mars 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulýðveldinu (Stjtið. ESB L 70, 11.3.2014, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/224/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2013/798/SSUÖ frá 23. desember 2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Mið-Afríkulýðveldinu (Stjtið. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 51, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2013/798/oj>).

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB C 69, 18.3. 2010, bls. 19..

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012 frá 14. mars 2012 um framkvæmd 10. gr. bókunar Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri framleiðslu á og verslun með skotvopn, hluta þeirra, íhluti og skotfæri, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (bókun SP um skotvopn), og um að koma á útflutningsleyfum og innflutnings- og útflutningsráðstöfunum vegna skotvopna, hluta þeirra, íhluta og skotfæra (Stjtið. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2012/258/oj>).